

Tillaga um að torgið á horni Garðastrætis og Túngötu verði kennt við Kænugarð/Kýiv.

Lagt er til að torgið á norðausturhorni Túngötu og Garðastrætis fái heitið „Kænugarður – Kýiv-torg“. Ensk þýðing torgsins verði „Kyiv-square“ og sambærileg þýðing verði notuð á öðrum tungumálum.

Greinargerð

Mikill vilji er til að sýna samstöðu með úkraínsku þjóðinni, úkraínska ríkinu og úkraínskum borgum í kjölfar innrásar Rússlands í Úkraínu. Fram hafa komið hugmyndir um að endurnefna götur á borði Garðastræti eða Túngötu og kenna þær við Úkraínu eða höfuðborgina Kænugarð í þeim tilgangi.

Eftir skoðun þykir rétt að leggja til að torgið á norðausturhorni beggja þessara gatna, Garðastrætis og Túngötu, verði kennt við Kænugarð eða Kýiv. Nafnið „Kænugarður“ vísar sögulegs nafns borgarinnar á íslensku og undirstrikkar yfir árbúsunda langa sögu hennar. Þá skapar heitið ákveðin hughrif þar sem að torgið er um leið garður.

Í umræðum um nafn borgarinnar hafa ítrekað heyrst óskir heimafólks um að úkraínska nafnið „Kýiv“ verða notað. Eðlilegt þykir að koma til móts við þau sjónarmið en Kýiv-nafnið er þar að auki þekkt alþjóðlega. Því er lagt til að notast verði við tvöfalt heiti „Kænugarður“ / „Kýiv-torg“ á íslensku en „Kyiv Square“ og sambærileg heiti á öðrum tungumálum.

